



Alþingi
Erindi nr. P 135/2131
komudagur 10.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8.apríl 2008

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965 nm rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 55.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og á lögum um stjórn fiskveiða.

Við leggjumst alfarið gegn því að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu nái fram að ganga. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rannsóknir og stjórn á nýtingu þeirra auðlinda sem málið varðar sé betur fyrir komið ef hagsmunaaðilar koma þar ekki nærri. Þessi hugsun byggist á regin misskilningi enda eiga engir meira undir því að vel takist til um nýtinguna en þeir sem eiga allt sitt undir í þessu efni. Réttar væri að flytja ábyrgð á rannsóknum og nýtingu frekar til hagsmunaaðila en nú er.

Virðingarfyllst,

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins

Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva